

✉ Re: Endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - kynning á tillögu í vinnslu.

Búið til	23.7.2021 10:40:21
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.7.2021 10:40:19
Tilheyrir	 202106-0043 - Endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - kynning á tillögu í vinnslu.

Efni

Re: Endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - kynning á tillögu í vinnslu.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	23.7.2021 10:40:19	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202106-0043 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar dags. 28. júní 2021 þar sem kynnt er vinnslutillaga að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í landi Grindavíkurbæjar. Gefinn er kostur á að koma framfæri ábendingum við vinnslutillögu áður en tillagan verður samþykkt til auglýsingar. Samhliða vinnslutillaga fyrir deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í landi Reykjanesbæjar hefur einnig verið kynnt.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér drögin. Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi Grindavíkurbæjar varða annars vegar skilgreiningu fimm nýrra lóða fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi sem tengist jarðhitavinnslunni og síðan skilgreiningu á nýjum borteig, HAL-3, til rannsóknarborunar og mögulegrar vinnslu og/eða niðurdælingar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 19. maí 2021 er varðaði fyrirspurn um matsskyldu vegna rannsóknarholunnar HAL-3. Eins og kemur fram í þeirri umsókn taldi Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin við HAL-3 ætti að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem nýi HAL-3 borteigurinn og mannvirki honum tengd eru eitt meginviðfangsefni vinnslutillögu þessarar að deiliskipulagi vill Náttúrufræðistofnun vísa í þessa umsögn til Skipulagsstofnunar þar sem varpað er fram spurningum um mörk nýtingarsvæðis Reykjanesvirkjunar í ljósi þess að rannsóknarhola er fyrirhuguð utan núverandi nýtingarsvæðis. Í umsögn NÍ til Skipulagsstofnunar segir m.a.:

„Reykjanes fór í orkunýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar árið 2013, ásamt Stóru-Sandvík og Eldvörpum. Reykjanesvirkjun var gangsett árið 2006 og síðan þá hafa framkvæmdir aukist og virkjunin stækkað. Mikið rask hefur fylgt virkjuninni og sveitarfélögin, Reykjanesbær og Grindavík, hafa stækkað iðnaðarsvæðið í skipulagi sínu með því að taka af lítt röskuðum náttúruminjasvæðum.

Í reglugerð um virkjunarkosti í verndar og orkunýtingaráætlun (30/2014) er varðar jarðhitakosti kemur fram að tilgreina þurfi mörk nýtingarsvæðis og eftir því sem við á staðsetningu, útlínur og hæð helstu mannvirkja, borholur, pípulagnir, efnistökuastaði og stöðvarhús. Tilgreina þarf einnig markmið um sjálfbærni virkjunar, þ.e. samspil nýtingar og endingartíma, áform um niðurdælingu og og förgun affallsvatns henni tengd og möguleg áhrif á grunnvatnshlot, áform um öflun og förgun affallsvatns og markmið um losun brennisteinsvetnis og staðbundinn hámarksstyrk þess í andrúmsloftið eins og kveðið er á um í reglugerð (Úr: *Jarðvarmavirkjanir. Viðauki 02 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02. Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*).

Náttúrufræðistofnun telur líklegt að þetta eigi áfram erindi eftir því sem virkjun stækkar og þróast, eins og Reykjanesvirkjun. Stofnunin hefur leitað eftir mörkum nýtingarsvæðis Reykjanesvirkjunar en ekki fundið. Í aðalskipulagi sveitarfélaganna er sett fram iðnaðarsvæði sem hefur tekið breytingum með tíma og önnur starfsemi er einnig innan svæðisins, en í matsskyldufyrirspurn má sjá mörk vinnslusvæðis (mynd 4.1). Þrátt fyrir þessi óvissumörk nýtingarsvæðis er verið að skipuleggja mögulegar rannsóknarborholur sem ná út fyrir skilgreind mörk iðnaðarsvæðisins, en sem eru innan svæðis á náttúruminjasrá, innan hverfisverndarsvæðis og innan náttúrufyrirbæra sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. nvl.“

Þá kemur fram í umsógninni að Náttúrufræðistofnun telur að það þurfi að leggja heildrænt mat á stöðu jarðvarmakerfisins á nýtingarsvæði Reykjanesvirkjunar og nálægum svæðum. Í umsógninni segir m.a.:

„Náttúrufræðistofnun telur að eftir 15 ára rannsóknir og jarðvarmanýtingu á svæðinu sé komin reynsla á það hvernig jarðhitakerfið hagar sér eða hefur þróast á síðustu árum. Til að hægt sé að meta áhrif einstakra þátta jarðvarmavirkjunarinnar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir nýtingu jarðhitakerfisins í heild, áhrif varmaupptöku og reynsla af niðurdælingum. Þá hefur án efa fengist mikið magn upplýsinga um virkjanasvæðið úr þeim 26 borholum sem hafa verið rannsakaðar og vaktaðar, auk upplýsinga sem fengist hafa með djúpbörnun frá 2017.

Náttúrufræðistofnun telur að fyrst og fremst þurfi að svara því hvort jarðvarmanýting úr jarðhitakerfinu á Reykjanesi sé sjálfbær eða ofnýtt. Almenn er talið að jarðvarmavirkjanir geti enst í allt að 50 ár með sjálfbærri nýtingu en eftir 15 ára nýtingu á Reykjanesi er vinnslusvæðið fullnýtt. Hvað veldur því? Þá þarf einnig að svara því hvort borun við Háleyjabungu sé líkleg til að breyta miklu eða hvort önnur svæði koma til greina.“

Eins og greint er frá í vinnslutillögu deiliskipulagsins er lagt út frá því í Svæðisskipulagi Suðurnesja að nýting háhitasvæða skuli alltaf miðað við sjálfbærni. Þetta skiptir höfuðmáli því orkuvinnslan fer fram á svæði sem hefur verið metið með hátt verndargildi og er að stórum hluta náttúruminjasvæði skv. gildandi náttúruminjasrá, samþykktri náttúruverndaráætlun 2004-2008 og ákvæðum núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd eldhrauna (61. grein). Stækkun nýtingarsvæðis felur því í sér aukningu á raski náttúruminja, bæði einstakra jarðminja og landslags og ef forsendur um sjálfbærni eru ekki til staðar er óskynsamlegt að stefna að frekari stækkun sem og annarri uppbyggingu á svæðinu með tilheyrandi umhverfisraski. Óvissu um hvort nýtingin hingað til hafi verið sjálfbær eða ekki þarf því að svara áður en teknar eru ákvarðanir um stækkun nýtingarsvæðisins.

Í vinnslutillögunni segir að sjálfbærari nýtingu jarðhitaauðlindarinnar verði náð með því að dreifa vinnslu úr jarðhitageyminum yfir stærra svæði og þess vegna sé stefnt að nýrri borholu utan núverandi nýtingarsvæðis, út úr „miðkerfinu“ svokallaða. Eins og kemur fram í umsógn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu HAL-3 þarf að svara því hvort kerfið í heild sinni sé orðið ofnýtt nú þegar eftir einungis 15 ára nýtingu. Þá þarf að meta hversu mikinn jarðhita úr nýjum borholum þyrfti til að viðhalda virkni virkjunarinnar miðað við áætluð áform um nýtingu jarðhitans fyrir margvíslega starfsemi. Ef þörf er á frekari stækkun á nýtingarsvæðinu í framtíðinni umfram það sem mögulega fengist úr HAL-3 kallar það á frekari umræðu um framtíð jarðvarmavinnslu á Reykjanesi því þá þyrfti að endurskoða skipulag iðnaðarsvæðis. Við slíka endurskoðun þarf að taka alvarlega til skoðunar náttúruverndargildi jarðhitasvæðanna sem um ræðir og jarðminja og landslags almennt á svæðinu en eins og fram hefur komið er svæðið í heild og einstakar náttúruminjar metnar með hátt náttúruverndargildi.

Þá ber að nefna að eldsumbrot eru í næsta nágrenni og óvíst er með öllu að spá um hversu lengi þau standa yfir eða hvaða áhrif þau munu hafa á svæðinu. Ef þau standa lengi yfir er óhætt að segja að þau geti orðið takmarkandi þáttur fyrir stækkun nýtingarsvæðis Reykjanesvirkjunar til austurs.

Athugasemdir við einstök atriði í vinnslutillögu deiliskipulagsins:

Vegna sumarleyfa hjá Náttúrufræðistofnun reynist ekki mögulegt að rýna öll efnisatriði til hlítar á þessu stigi en stofnunin væntir þess að fá tækifæri til að gera umsögn um auglýsta tillögu þegar þar að kemur. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

Varðandi borteig HAL-3 (sbr. umfjöllun í lið 3.4 og 3.5) er vísað í umfjöllun hér að ofan og umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu rannsóknarholunnar.

Varðandi ferskvatnstöku (liður 3.6.1 og 3.10) kemur fram að ekki sé stefnt að nýjum ferskvatnsholum heldur að núverandi holur muni duga til fyrir ferskvatnsnotkun þeirrar nýju starfsemi sem áætluð er á deiliskipulagssvæðinu. Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvort liggi fyrir mat á ferskvatnspörf þeirrar starfsemi sem áætluð er á svæðinu og hvort núverandi vatnsból dugi. Það mætti koma skýrar fram í greinargerðinni.

Í umfjöllun um frágang nýrra lóða (liður 3.7.2) segir að geymslusvæði verði skermuð af með jarðvegsmönnum eða trjágróðri. Náttúrufræðistofnun vill benda á að trjágróður er ekki einkennandi fyrir gróðurfar svæðisins og þó um manngert umhverfi sé að ræða ber að huga að því hvernig gróðurval samræmist umhverfinu. Einnig ber að forðast að nota tegundir sem geta auðveldlega sáð sér út í nálæg svæði.

Umfjöllun um náttúruvernd (liður 3.11.2) er frekar rýr og mætti bæta við betri upplýsingum um þau náttúruyfyrirbæri sem þar finnast og sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013, t.d. með því að sýna þau á korti. Hægt er að nýta sér vefsíða Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka verndun: Sérstök vernd náttúruyfyrirbæra (ni.is) (<https://serstokvernd.ni.is/>)

Í umhverfisskýrslunni er greint frá helstu umhverfispáttum sem ber að meta með tilliti til umhverfisáhrifa og er sú umfjöllun nokkuð greinargóð. Í lið 4.2.1. um náttúruauðlindir og jarðhitageyminn kemur fram að óvissa ríki um áhrif virkjunarinnar á auðlindina en að áætluð jarðhitavinnsla sé innan samþykktra heimilda gildandi deiliskipulags. Náttúrufræðistofnun vísar í fyrri umfjöllun hér að framan um mikilvægi þess að þessi óvissa sé leidd til lykta enda ljóst að hraðar gengur á auðlindina en reiknað var með þegar Reykjanesvirkjun tók til starfa.

Í umfjöllun um gróður (liður 4.2.3) segir að áhrif deiliskipulagsins á gróður, einkum mosaþekju, séu talin neikvæð. Náttúrufræðistofnun telur að fjalla mætti um mótvægisáðgerðir til að vega upp þessi neikvæðu áhrif t.d. uppgræðslu á mosa og öðrum gróðri þar sem við á.

Í umfjöllun um náttúruvá (liður 4.2.9) er tilefni til að minnast á möguleg áhrif frá nálægum eldsumbrotum t.d. jarðhræringum og mögulegum breytingum á eldvirkninni.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum og er reiðubúin til frekari upplýsingagjafar um verndargildi jarðminja og landslags á deiliskipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>
To: "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Þór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Daniel" <daniel@reykjanesgeopark.is>; "Berglind Kristinsdóttir" <berglind@sss.is>; "Ríkiseignir - FR" <rikiseignir@rikiseignir.is>; "Óskar Páll Óskarsson - FR" <Oskar.P.Oskarsson@rikiseignir.is>; "Ármann Halldórsson - FR" <Armann.Halldorsson@rikiseignir.is>; "hes" <hes@hes.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "os@os.is" <os@os.is>
CC: "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>; "Hlynur Torfi Torfason" <hlynur@vso.is>
Subject: Endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - kynning á tillögu í vinnslu.
Date: 28.6.2021 23:44:28

Sæl/sæll,

Grindavíkurbær kynnir vinnslutillögu að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010, **sjá gögn í viðhengi**. Gefin er kostur á að koma á framfæri ábendingum við vinnslutillögu áður en tillagan verður samþykkt til auglýsingar.

Um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi *Deiliskipulagi Reykjanes, orkuvinnsla, iðnaður og ferðamennska*, samþykktu árið 2004 með síðari breytingum, sem liggur innan marka Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Allmargar breytingar hafa verið gerðar á gildandi deiliskipulagi því eftir því sem starfsemi svæðisins hefur þróast og skipulagsforsendur breyst síðustu 17 ár.

HS Orka hefur í samráði við Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ unnið að endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi á innan sveitarfélaganna beggja. Endurskoðað deiliskipulag er sett fram í tveimur deiliskipulagsáætlunum, fyrir hvort sveitarfélag um sig, til að tryggja einfaldari stjórnsýsla og málsmeðferð skipulagsmála á svæðinu. Tillagan mun leysa af hólmi eldri uppdrætti og breytingar á þeim. Með því fæst betri yfirsýn yfir skipulags svæðisins.

Skila skal ábendingum til skipulagsfulltrúa, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða á netfangið atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>)

Æskilegt er að ábendingar berist fyrir 26. júlí 2021.

Fylgiskjöl þessa tölvupósts eru:

Tillaga að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - deiliskipulagsuppdráttur

Tillaga að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavík - greinagerð

Skýringarmynd sem sýnir samsetta deiliskipulagsuppdrætti fyrir Grindavík og Reykjanesbæ

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>)

www.grindavik.is (<http://www.grindavik.is/>)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (<http://www.grindavik.is/fyrirvari>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (8 KB)
